# Sjálfbærni-skýrsla

Til að styðja við framtíðarsýnina er mikilvægt að allt starf Íslandsstofu byggi á gildum sjálfbærni og sé til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum, bæði innan og utan vinnustaðarins.



## Sjálfbærnistefna

Samkvæmt **langtímastefnumótun atvinnulífs og stjórnvalda** um markaðssetningu og útflutning á íslenskum vörum, þjónustu og menningu hefur verið sett fram sú framtíðarsýn að Ísland verði þekkt sem leiðandi land á sviði sjálfbærni.

Til að styðja við framtíðarsýnina er mikilvægt að allt starf Íslandsstofu byggi á gildum sjálfbærni og sé til

fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum, bæði innan og utan vinnustaðarins.

Íslandsstofa leggur ríka áherslu á að starfsemi hennar og starfhættir styðji við þá framtíðarsýn fyrir íslenskan útflutning að Ísland verði þekkt sem leiðandi land í sjálfbærni. Það gerir Íslandsstofa meðal annars með því að vera fyrirmynd hvað varðar sjálfbærni í rekstri. Með sjálfbærni er að auki staðinn vörður um getuna til að sinna mikilvægu hlutverki stofunnar og verðmæti fyrir haghafa til lengri tíma.

Tilgangur og markmið sjálfbærnistefnu er einna helst að tryggja að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í allri starfsemi Íslandsstofu. Sjálfbærnistefnan felur bæði í sér yfirlýsingu um sjálfbærni og er um rammi fyrir undirstefnur er tengjast umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Hér á eftir er nánari lýsing á undirstefnum í hverjum þætti fyrir.

Unnið er að innleiðingu stefnunnar með stuðningi Bravo.Earth og eru UFS viðmið Nasdaq um sjálfbæran rekstur höfð til hliðsjónar.

Íslandsstofa er aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Íslandsstofa hefur verið aðili að Global Compact - sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð og ábyrga viðskiptahætti - frá árinu 2009 og lýsir yfir áframhaldandi stuðningi við hin 10 meginmarkmið verkefnisins.

# Umhverfi

Íslandsstofa leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum. Hugað er að sjálfbærni í öllum störfum á vegum Íslandsstofa og unnið eftir metnaðarfullum stefnum um umhverfis- og loftslagsmál og sjálfbærni.

Íslandsstofa leggur áherslu á að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni í lágmarki. Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld og birt árlega. Íslandsstofa hefur sett sér umhverfis- og loftslagsstefnu og vinnur að innleiðingu Grænna Skrefa.

Íslandsstofa kolefnisjafnar hefðbundna starfsemi Íslandsstofu, þ.e. vegna raforkunotkunar, hita, úrgangs, flugferða og ferða starfsmanna til og frá vinnu (umfang 2 og 3). Starfsemin er kolefnisjöfnuð í gegnum Kolvið.

Íslandsstofa leggur áherslu á að greina og þekkja hvernig loftslagsmál og önnur umhverfismál geta haft bein og óbein áhrif á reksturinn og þar með getu Íslandsstofu til að sinna sínu hlutverki. Með þeim hætti vill Íslandsstofa bregðast við og milda áhrifin eftir því sem við á.

**Íslandsstofa hefur sett sér eftirfarandi markmið í umhverfis- og loftslagsmálum:**

- Árið 2030 hefur Íslandsstofu dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40%, miðað við 2019.
- Íslandsstofa er með virka innkaupastefnu sem samræmist umhverfis- og loftlagsmarkmiðum
- Íslandsstofa leggur áherslu á að engin sóun sé vegna sýninga.

- Íslandsstofa vinnur eftir skýrri fræðslustefnu fyrir starfsfólk í umhverfis- og loftlagsmálum.
- Íslandsstofa leitast við að vinna eingöngu með þeim sem hafa yfirlýsta stefnu í umhverfis- og loftlagsmálum.
- Starfsfólk Íslandsstofu lágmarkar umhverfisspor sitt á ferðalögum.
- Íslandsstofa er hreyfiafl sem sem styður við aukna sjálfbærni í íslensku atvinnulífi.

Neðangreindar upplýsingar um árangur í umhverfismálum eru birtar samkvæmt UFS viðmiðum Nasdaq um sjálfbæran rekstur.

| Þáttur | Mælikvarði | Eining | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|
| E1.1 | Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 1 | tCO2 ígildi | 0 | 0 |
| E1.2 | Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 2 | tCO2 ígildi | 0,3 | |
| E1.3 | Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 3 | tCO2 ígildi | 174 | |
| E2.1 | Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð | tCO2 ígildi/starfsgildi | 4,15 | |
| E2..2 | Heildarlosun lofttegunda annarra en gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð | tCO2 ígildi | á.e.v. | á.e.v. |
| E3.1 | Heildarmagn beinnar orkunotkunar | MWst | á.e.v. | á.e.v. |
| E3.2 | Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar | MWst | á.e.v. | á.e.v. |
| E4 | Bein heildarorkunotkun miðað við úttakstærð | MWst | 28,4 | |
| E5 | Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu | % endurnýjanleg orka | 100% | 100% |
| E6.1 | Heildarmagn af vatni sem er notað | m3 | 19.806 | |
| E6.2 | Heildarmagn af vatni sem er endurheimt | m3 | 0 | 0 |
| E7.1 | Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu? | Já/Nei | Já | Já |
| E7.2 | Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku og/eða endurvinnslu? | Já/Nei | Já | Já |
| E7.3 | Notast fyrirtækið þitt við viðkennt orkustjórnunarkerfi? | Já/Nei | Nei | Nei |
| E8 | Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? | Já/Nei | Nei | Nei |
| E9 | Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? | Já/Nei | Já | |
| E10 | Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu eða vöruþróun | Já/Nei | á.e.v. | á.e.v. |

## Félagslegir þættir

Íslandsstofa leggur áherslu á starfsumhverfi sem laðar að og heldur í framúrskarandi starfsfólk. Kjörorð mannauðsstefnunnar eru „Hjá okkur verða hugmyndir til og komast í framkvæmd“. Vinnustaðurinn er kraumandi suðupottur af sérþekkingu og jafnframt umvefjandi, skemmtilegur, krefjandi, alþjóðlegur og skapandi.

Íslandsstofa leggur áherslu á virðingu, jafnrétti, heilsu og öryggi og líður ekki fordóma, áreitni og einelti.

Sjá nánar í **mannauðsstefnu** og **jafnréttisstefnu**. Auk þess starfar Íslandsstofa eftir fjarvinnustefnu og heilsustefnu.

Neðangreindar upplýsingar um árangur í félagslegum þáttum eru birtar samkvæmt UFS viðmiðum Nasdaq um sjálfbæran rekstur.

| Þáttur | Mælikvarði | Eining | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|
| S1.1 | Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlauna annara starfsmanna | X:1 | 2,53 | 2,22 |
| S1.2 | Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtæki þínu í skýrslugjöf til yfirvalda? | Já/Nei | Nei | Nei |
| S2. | Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna | X:1 | 1,15 | 1,09 |
| S3.1 | Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi, í prósentum *allt starfsfólk - ekki gerður greinamunur á fullu starfi og lægra starfshlutfalli | % | 9,60% | 19,7% |
| S3.2 | Árleg breyting starfsfólks í hlutastarfi, í prósentum | % | 0% | 0% |
| S3.3 | Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa, í prósentum | % | 0% | 0% |
| S4.1 | Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum | % kvk | 60% | 63% |
| S4.2 | Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan, í prósentum (t.d. sérfræðingar og fagfólk) | % kvk | 60% | 63% |
| S4.3 | Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar | % kvk | 43% | 40% |
| S5.1 | Prósenta starfsfólks í hlutastarfi | % | 2,50% | 2,50% |
| S5.2 | Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf | % | 0% | 0% |
| S6 | Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? | Já/Nei | Já | Já |
| S7 | Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuaflsins | % | 0% | 0% |
| S8 | Fylgir fyrirtækið þitt starfstengri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi? | Já/Nei | Já | Já |
| S9.1 | Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? | Já/Nei | Já | Já |
| S9.2 | Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? | Já/Nei | Nei | Nei |
| S10 | Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu? | Já/Nei | Já | Já |

## Stjórnarhættir

Stjórn Íslandsstofu leggur áherslu á góða stjórnarhætti og að þeir samræmist þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Siðareglur Íslandsstofu gilda um starfsemina, starfsmenn, stjórnendur og verktaka sem sinna verkefnum á vegum Íslandsstofu. Reglurnar eru leiðbeinandi við framkvæmd daglegra starfa með hagsmuni Íslandsstofu og viðskiptavina hennar að leiðarljósi.

FORSÍÐA ÁRSSKÝRSLU

Íslandsstofa hefur sett sér persónuverndarstefnu sem lýsir því hvernig Íslandsstofa meðhöndlar persónuupplýsingar starfsmanna, viðskiptavina, verktaka og annarra einstaklinga.

Lesa má nánar um **siðareglur** Íslandsstofu, **hæfisreglur stjórnenda**, og **persónuverndarstefnu**.

Neðangreindar upplýsingar um stjórnarhætti eru birtar samkvæmt UFS viðmiðum Nasdaq um sjálfbæran rekstur

| Þáttur | Mælikvarði | Eining | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|
| G1.1 | Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum | % | 71% | 71% |
| G1.2 | Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum | % | á.e.v. | á.e.v. |
| G2.1 | Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? | Já/Nei | Nei | Nei |
| G2.2 | Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum | % | 100% | 100% |
| G3 | Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? | Já/Nei | Nei | Nei |
| G4 | Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins sem fellur undir almenna kjarasamninga | % | 100% | 100% |
| G5.1 | Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum? | Já/Nei | Nei | Nei |
| G5.2 | Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum | % | á.e.v. | á.e.v. |
| G6.1 | Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðir gegn spillingu? | Já/Nei | Já | Já |
| G6.2 | Ef já, hve hátt hlutfall vinnuaflsins þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni? | % | 0% | 0% |
| G7.1 | Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd? | Já/Nei | Já | Já |
| G7.2 | Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? | Já/Nei | Já | Já |
| G8.1 | Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærniskýrslu? | Já/Nei | Já | |
| G8.2 | Er gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? | Já/Nei | Já | |
| G9.1 | Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? | Já/Nei | Nei | Nei |
| G9.2 | Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? | Já/Nei | Já | |
| G9.3 | Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SÞ? | Já/Nei | Nei | Nei |
| G10 | Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila? | Já/Nei | Nei | Nei |

# Meira frá ársskýrslu 2023



Hugvit og tækni

## Hugvit og tækni



Skapandi Ísland

## 2023 Skapandi Ísland



Green by Iceland

## Green by Iceland



Horses of Iceland

## Horses of Iceland

Allur réttur áskilinn